



Fundargerð

Fundur í dreifbýlisnefnd Reykshöfnar
mánudaginn 27. október 2016 kl. 16.

Fundarstaður: Veiðihúsið í Gufudal.

Mætt eru Erla Björk Jónsdóttir formaður, Áslaug Berta Guttormsdóttir, Baldur Ragnarsson, Erla Þórdís Reynisdóttir, Erna Ósk Guðnadóttir og Guðrún Marta Ársælsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 3 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið, og leitaði afbrigða að færa mál til á dagskránni. Þá spurði formaður eftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var samþykkt samhljóða að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð dreifbýlisnefndar 27. júní.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.

2. Salernismál ferðamanna.

Hugmyndir um staðsetningu salerna og upplýsingaskilta.

Framhald á umræðum sem hafa farið fram áður. Staðsetning salerna í Króksfjarðarnesi og svo Djúpadal/Gufudal/Skálanesi. Upplýsingaskilti með upplýsingum um staðsetningu næsta salernis, byggðar, bensínstöðvar o.þ.h. Óskum við eftir að gert verði ráð fyrir fjármagni í þetta verkefni á fjárhagsáætlun næsta árs og að uppsetningu verði lokið fyrir umferðina næsta sumar.

3. Vatnsbólið í Króksfjarðarnesi.

Þörf á lagfæringu á girðingu.

Þörf á lagfæringu á girðingu. Meðan girðingin er í þessu ástandi er vatnsbólið óvarið og er hættu á að þetta standist ekki kröfur heilbrigðiseftirlits. Í Króksfjarðarnesi er starfrækt matvælaframleiðsla ásamt heilbrigðisvottuðu eldhúsi og því er algjörlega nauðsynlegt að ráðast í þessar framkvæmdir sem fyrst. Óskum eftir að gert verði ráð fyrir viðgerð í viðauka í fjárhagsáætlun þessa árs.

4. Tvöfalt sorpgjald á lögbýli.

Ítrekun á umhverfisnefnd að skoða ákvæðið.

Umhverfisnefnd fjallaði um þetta á fundi sínum í gær, 26. október. Þar bókaði nefndin: „Gjöld á lögbýli eru vegna atvinnureksturs annars vegar og heimilis hins vegar. Ekki er um að ræða tvöfalt gjald í þeim skilningi. Atvinnustarfsemi ber að greiða sorpgjald, hvort heldur sem er í þéttbýli eða dreifbýli.“ Þessi bókun er bara útskýring nefndarinnar á sorpeyðingargjaldinu. Hún tekur ekki til efnis tilvísunarinnar um að endurskoða þetta ákvæði. Málinu er vísað aftur til umhverfisnefndar.

Lögbýli er aðeins í þessu sveitarfélagi sett í flokk sem atvinnuhúsnæði í þeim skilningi. Alls staðar í kringum okkur er lögbýli ekki flokkað sem sérstakt fyrirtækjaform sem ber að greiða sérstakt sorpgjald fyrir. Samkvæmt lögfræðingum hjá innanríkisráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa hjá Fasteignaskrá er lögbýli ekki skilgreint sem sérstakt atvinnuhúsnæði (nema t.d. límtrésverksmiðja sé líka á jörðinni, og telja hæpið að þetta standist lög, en benda á að möguleiki er að vísa þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ef eigendur lögbýla eru ósáttir. Við viljum því fá að vita eftir hvaða lögum er farið og hvar sú túlkun er skilgeind að lögbýli sé sérstakt atvinnuhúsnæði. Viljum við ennfremur benda á að lögbýli greiða fasteignaskatt miðað við heimili en ekki atvinnurekstur. Þarna er því um misræmi að ræða.

Sorpeyðingargjald í Reykhólahreppi er kr. 29.240 fyrir lögbýli og aftur kr. 29.290 fyrir atvinnuhúsnæði, sem gera samtals kr. 58.480. Í Vesturbyggð er það kr. 46.200, kr. 26.266 í Súðavíkurhreppi, kr. 27.554 í Ísafjarðarbæ, kr. 32.000 í Kaldrananeshreppi, kr. 28.770 í Strandabyggð, kr. 18.077 í Dalabyggð og kr. 44.000 í Grundarfirði. Mismunandi þjónustustig er í þessum sveitarfélögum.

Áslaug kom inn á að þetta yrði skoðað hjá sveitarstjórn.

5. Snjóþungar heimreiðar.

Heimreiðar eru á valdi eigenda jarðanna sjálfra í samráði við Vegagerðina. Sveitarfélagið sjálft kemur ekki að þeim nema ef breytinga er þörf á aðalskipulagi.

6. Borholan á Kletti.

Hugsanleg tenging við íbúa í sveitinni.

Farið var yfir stöðuna varðandi eignarhald og þá uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað. Erla Reynisdóttir ræddi að vilji væri fyrir því að sveitarstjórn beitti sér fyrir fá svör hjá Orkubúinu, hvað ætti að gera við borholuna til framtíðar.

7. Er stefna sveitarfélagsins að mismuna lögaðilum í einkarekstri?

Erla Reynisdóttir fór yfir það hvort það væri rétt að eigendur verslunar á Reykhólum hefði beðið um stækkun á versluninni og hvort það stæði til. Ef svo væri hvort önnur fyrirtæki, eins og hennar, gætu sótt um slíkt.

Áslaug fór yfir það að ekki hefði verið tekin ákvörðun um það, en búið væri að skoða málið frá mörgum hliðum. Upphafið hafi verið beiðni verslunareigenda til sveitarstjórnar um viðskiptasamning við stofnanir sveitarfélagsins. Sveitarstjórn sé að leita leiða til að styrkja rekstur verslunar á Reykhólum á annan hátt, til að treysta stöðu verslunar í byggðinni.

8. MAST-girðingin – Gilsfjarðarlína.

Matvælastofnun gaf það nýverið út, að allar sauðfjárveikivarnargirðingar væru í lagi. Það er einfaldlega ekki rétt. Sauðfjárþóndi hafði samband við fulltrúa í dreifbýlisnefnd og vill að sveitarstjórn beiti sér fyrir því að alla vega Gilsfjarðarlína verði gerði fjárheld. Það eru nýleg dæmi um riðuveiki í Skagafirði og það er okkur verulega nauðsynlegt og dýrmætt að halda þessu svæði hreinu, því hreina svæðið smækkar alltaf varðandi ræktun sauðfjár og

líflambasölu. Kollafjarðarlína liggur niðri og er stórhættuleg fyrir kindur á svæðinu. Tengill á frétt: <http://www.ruv.is/frett/allar-saudfjarveikivarnargirdingar-i-lagi>.

Nefndin vill að sveitarstjórn beiti sér fyrir því að Kollafjarðarlína verði löguð. Það er alltaf hættu á að riðuveiki komi upp aftur á sömu stöðum eins og er að gerast í Skagafirði.

Mál til kynningar:

9. Verndarsvæði í byggð, styrkveiting.

Farið yfir styrkveitinguna, en 4,5 millj. fengust í styrk frá Minjastofnun til þess að vinna drög að verndaráætlun fyrir þorpið í Flatey. Vinnu skal lokið fyrir árslok 2017.

10. Breytingar á réttum – fjallskil.

Almenn ánægja er með lagfæringar á Eyrarrétt og í Króksfjarðarnesi. Erna fór yfir breytingar á réttum í Eyrarrétt, notaður hefði verið flokkunargangur við réttirnar í haust sem hefði létt störf. Hún kom á framfæri að gera þyrfti við eina hlið á réttunum og setja sterkari lamir. Þá þyrfti að koma upp nátthaga við réttina. Áslaug nefndi að aðilar sem nýta réttina verði að vera sammála um nauðsyn nátthaga, en misjöfn skilaboð berast um málið.

11. Tenging ljósleiðara – staða í dag.

Farið var yfir að fenginn hefði verið ráðgjafi til að teikna upp sveitarfélagið til að sækja um styrk í verkefnið Ísland ljóstengt. Uppbyggingarhraði fari eftir styrkveitingum.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

12. Húsnæði fyrir brunadælu og brunakerru í Flatey.

Guðrún og Baldur fóru yfir að það að nauðsynlegt væri að koma húsnæði yfir þau dýru tæki slökkviliðsins í Flatey. Komið hefði hugmynd um byggingu bogaskemmu.

13. Sjóvarnagarður í Flatey.

Guðrún og Baldur fóru yfir það hvort ekki væri hægt að ítreka við Vegagerðina um gang mála varðandi sjóvarnagarðinn, en fjármagn fékkst árið 2016 á Samgönguáætlun til verksins.

Fundi slitið kl. 19.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____